

Nokkur atriði varðandi komur og brottfarir leikskólabarna

- ♥ Foreldrar þurfa að láta starfsfólk vita þegar komið er með barnið í leikskólann og það sótt. Þetta er mjög mikilvægt öryggisatriði fyrir barnið og starfsfólk.
- ♥ Börn eru aldrei afhent nema starfsmaður sé 100% viss um að sá sem er að sækja barnið sé sá sem má sækja barnið.
- ♥ Það má aldrei afhenda öðrum en foreldrum barnið nema foreldrar hafi gefið fyrirmæli um það. Þá skráir starfsmaður það í dagbók deildarinnar. Undantekning frá þessu er þegar foreldrar hafa sagt frá því að ákveðinn aðili muni oft sækja barnið. Til dæmis þegar ákveðin amma sækir oft barnið.
- ♥ Ef starfsmaður er í einhverjum vafa um að viðkomandi megi sækja barnið þá hringir hann í foreldra og fær upplýsingar um það.
- ♥ Úr dvalarsamningi: *Foreldrar eru beðnir að láta vita ef einhver ókunnugur sækir eða kemur með barnið í leikskólann, en viðkomandi þarf að vera a.m.k. 12 ára. Foreldrar eru beðnir að tilkynna ef barnið er fjarverandi t.d. vegna veikinda.*
- ♥ Foreldrar mega aldrei senda börnin ein í leikskólann eða starfsmenn senda börn ein heim.

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum, s.s. veikindi, fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang, nýtt netfang, símanúmer, námslok námsmanna og breytta hjúskaparstöðu.

Með undirritun á dvalarsamningi, skuldbinda foreldrar/forráðamenn sig til þess að virða skilmála hans og taka á sig þær fjárskuldbindingar sem í samningnum felast.